

Þorabræll

Nú er frost á fróni frýs í æðum blóð.
kveður kuldaljóð Kári'í jötunmóð.
Yfir laxalóni liggur klakapil
hlær við hríðarbil hamragil.
Mararbára blá brotnar þung og há
unnar steinum á yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn hásetinn.

Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum,
ég segi það satt.
Ég er skólaus og skjálfandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun
það snjóaði í dag
ég er hreint ráðalaus,
en hvað um það.

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig.
Tra, la, la, la, la, la,
um snjóinn og mig.

Sönglög á Lundi jan – apríl

Bumbulagið

∴:Við erum svangir sveinar á leiðinni í mat∴:
Við setjumst og borðum
Nammi nammi nammi namm,
setjumst og borðum, nammi nammi namm.
∴:Og við ætlum að fá okkur
stóra vömb stóra vömb stóra vömb∴:

Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt

Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt
og rófustappa
grænar baunir
súrhvalur
Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt
og sviðasulta
hrútsþungar
og harðfiskur
∴:og hákarl
og flatbrauð
mér finnst svo gott að borða
allan þennan mat∴:

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Súlutindur
Ef ég ætti úti kindur,
mundi' ég láta' þær allar inn,
elsku besti vinur minn!
:,: Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassassa :,:

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jó!
:,: Úmbarassa.....:,:

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn.“

Bolludagur.

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik,
mér alltaf þykir gaman að iðka þennan leik.
Ég bolla og bolla á bossann á þér fast ég slæ
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar, bollurnar
já, bragðgóðar eru bollurnar húllum hæ.

Sprengidagur

Á sprengidegi er bumban að springa hreint á mér
Því magnið er ei smátt sem í magann a mér fer.
Af saltkjöti og baunum ég saðningu í magann fæ
Af saltkjöti og baunum ég saddur verð og hlæ.
Já, bragðgóðar eru baunirnar, baunirnar, baunirnar
Já, bragðgóðar eru baunirnar húllum hæ.

Öskudagur

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað
Og elti menn og konur sem ekki vita um það.
Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég næ
Lauma svo poka, læðist bur tog hlæ.
Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir, pokarnir
Svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ.

Göngum, göngum

Göngum, göngum
göngum upp í gilið
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
Sínur börnum liggur hjá.

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetranóttu á,
:,:verður margt að meini.:
Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:,:undan stórum steini.::

Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni hann fór að slá,
þá kom lóa lipurtá og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
og bannaði henni að segja frá
en hann spói spíssnefur
hann sagði frá, prakkarinn sá.
Þó var ljáin ekki nema hálf tannað puntstrá.

Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum
Kallar hann inn:
“Gef mér bita af borði þínu, bóndi minn”
Bóndi svarar býsna reiður:
“Burtu farðu krummi leiður
líst mér að þér lítill heiður
ljótur ertu á tánum
krumminn á skjánum”

Allir hlæja á öskudaginn

Allir hlæja á öskudaginn
Ó, mér finnst svo gaman þá .
Hlaupa lítil börn um bæinn
og bera poka til og frá

Hæ, hæ, hó hendumst út í snjó

Hæ, hæ, hó hendumst út í snjó,
sleðarnir í brekku bruna,
börnin kát í snjónum una,
hæ, hæ, hæ, hæ hó
hendumst út í snjó

Ég heyri þrumur.

:,: Ég heyri þrumur :,:
:,: Heyrir þú :,:
:,: Droparnir detta :,:
:,: Ég er gegnblautur :,:

Hver var að hlæja?

Hver var að hlæja, þegar ég kom inn?
Kannski það hafi verið kötturinn?
:,: Jæja, nú jæja, látum hann hlæja.
Kannski hann hlæi ekki í annað sinn. :,:

Nú skal syngja um dýrin

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór,
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu ...

Nú skal syngja um hænsnin
Sem gagga endalaust
þau gefa okkur egg
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg
Ga ga gó, ga ga ga gó ...

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt,
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull.
Me me me, me me me me me ...

Dúddi fór í bæinn.

Dúddi fór í bæinn og Dúddi fór í búð.
Dúddi sat á torginu og var að borða snúð.
Þá kom löggumann og hirti hann
og stakk honum beint oní rassvasann.

Hákarlalagið

Það var stelpa da-da-da-da-da-da-da!
Það var strákur da-da-da-da-da-da-da!
Þau fóru að synda da-da-da-da-da-da-da!
Þau syndu lengra da-da-da-da-da-da-da!
EN, það voru HÁKARLAR í sjónum!
"Waaaaaaa!" (Allir öskra)Pabbi hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Mamma hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Litli hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Afi hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Amma hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Diskó hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Vitlaus hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Feiti hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Þeir bitu í hönd
da-da-da-da-da-da-da!
og aðra hönd
Þeir bitu í fót
da-da-da-da-da-da-da!
og annan fót
da-da-da-da-da-da-da!
Af því að þetta voru...
...HÁKARLAR!
"waaaaaaa!" (Allir öskra)